

Sp.

461. Nefndarálit

[42. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1949.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur ekki getað komið sér saman um að standa óskipt að afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins. Minni hlutinn (ÁS og LJós) hafa þó allan tímann tekið þátt í umræðum um hin ýmsu mál í nefndinni, enda margar af brtt. sem meiri hl. ber fram, einnig samþykktar af minni hlutanum. Mun hann gera grein fyrir afstöðu sinni í sérstöku nefndaráliti.

Fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1949 var útbýtt í sameinuðu þingi þann 1. nóv. og vísað til nefndar 5. s. m. Var það tekið til umræðu á fundi í nefndinni í fyrsta skipti þ. 11. nóv., og síðan rætt þar á fundum flesta daga til 17. des., er þingfundum var frestað. Við athugun á frumvarpinu kom í ljós, að gjöld til verklegra framkvæmda höfðu verið lækkuð allverulega frá því, sem var á fjárlögum fyrir árið 1948. Þrátt

fyrir þetta voru rekstrarútgjöldin um 3 millj. kr. hærri í frumvarpinu en í fjárlög- unum. Nefndinni þótti því rétt að gera ýtarlegan samanburð á hinum raunverulegu rekstrarútgjöldum frv. og fjárlaganna. Við þá athugun kom í ljós, að áætluð rekstrar- gjöld í frv., þegar framlög til allra verklegra framkvæmda höfðu verið undanskilin, höfðu hækkað um 20 millj. króna miðað við fjárlögin 1948. Var þessi samanburður sendur ríkisstjórninni 14. des. og þess óskað, að hún léti athuga, hvort ekki væri unnt að draga allverulega úr útgjöldunum, áður en nefndin gengi endanlega frá tillögum sínum. Alveg sérstaklega þótti ástæða til að hafa þennan hátt á, þar sem vitað var, að ríkisstjórnin hafði á s. l. ári skipað nefnd til þess að athuga, hvort mögulegt væri að draga eitthvað úr kostnaði við rekstur ríkisins. Mætti sparnaðarnefndin hjá fjárveit- inganefnd þann 16. des. til þess að ræða þessi mál við hana. Var henni afhentur sam- anburður sá á rekstrargjöldum, sem að framan greinir. Starfaði sparnaðarnefndin að þessum málum í þinghléinu, og átti formaður fjárveitinganefndar með henni all- marga fundi á þessu tímabili. Fjárveitinganefnd hóf störf sín á ný þann 27. jan. og hélt síðan daglega fundi, eftir því sem ástæður þóttu til. Hélt nefndin þannig alls 72 fundi. Höfðu henni borizt alls 360 erindi varðandi fjáralagaafgreiðsluna, en auk þess ræddu fjölmargir aðilar við nefndina eða formann hennar um ýmis atriði varðandi afgreiðslu málanna. Aflaði nefndin sér þannig fjölda upplýsinga um rekstur ríkisins og ríkisstofnana.

Þann 11. febr. fékk nefndin skýrslu sparnaðarnefndar og tillögur hennar til sparnaðar á ýmsum liðum í ríkisrekstrinum. Var höfð hliðsjón af þeim tillögum við afgreiðslu málanna, þótt allverulega sé vikið frá þeim ýmist til lækkunar eða hækk- unar, eftir því sem ástæður þóttu til.

Meiri hl. nefndarinnar er ljóst, að ýmis lög frá síðari árum hafa í för með sér óhjákvæmilega úþenslu í rekstri ríkisins og að erfitt verður að draga verulega úr kostnaðinum, nema frestað sé að einhverju verulegu leyti framkvæmd þeirra laga, eins og nefndinni er einnig ljóst, að mörg ný verkefni, sem skapast svo að segja daglega, einkum í sambandi við sjálfstæði landsins og breytta atvinnuhætti og við- skipti, hljóta óhjákvæmilega að hafa í för með sér aukinn kostnað, en hún lítur þó svo á, að gæta verði hófs í þessum málum, svo að álögur af þeim ástæðum íþyngi ekki þegnumum meira en nauðsynlegt er. Úþensla margra ríkisstofnana ber þess vitni, að hófs hefur ekki verið gætt sem skyldi, hvorki í mannahaldi né öðrum kostnaði. Og þar sem fjárhagur ríkisins þolir eigi lengur þau útgjöld, verður þegar að spyrna við fótum og hverfa að hagkvæmara fyrirkomulagi og meiri gætni í meðferð á fé ríkissjóðs. Vill meiri hl. nefndarinnar með tillögum sínum marka þá stefnu og væntir þess, að Alþingi fallist á, að þetta sjónarmið sé bæði rétt og nauðsynlegt.

Skal nú vikið nokkuð að þeim breytingum, er meiri hl. nefndarinnar leggur til, að gerðar verði á hinum einstöku greinum frumvarpsins.

TEKJURNAR

Við áætlun teknanna hefur nefndin haft til hliðsjónar tekjur ársins 1948, en þær urðu alls það ár 259,6 millj. Helztu tekjuliðir urðu sem hér segir: Tekju- og eignar- skattur, þar með talinn hluti ríkissjóðs af stríðsgróðaskatti, 51,6 millj. Vörumagns- tollur 23 millj., verðtollur 58 millj., söluskattur 14 millj., ágóði af áfengisverzlun 52,8 millj. og af tóbaksverzlun 23,6 millj. -- Með því að ekki þykir ástæða til að ætla, að innflutningur verði meiri á þessu ári, telur meiri hl. ekki rétt að gera til- lögur til hækkunar á þessum tekjuliðum.

2. gr.

Með lögum frá 19. des. um dýrtíðarráðstafanir er gert ráð fyrir, að 22 millj. kr. af tolltekjum ríkisins og allur söluskatturinn, sem áætlaður er 36 millj., renni í sérstakan dýrtíðarsjóð og auk þess viðbótargjöld fyrir innflutningsleyfi fyrir kvik- myndum, bifreiðum og varahlutum þeirra, rafmagnstækjum, gjöld af ferðaleyfum og sölugjald af bifreiðum, sem ganga kaupum og sölum innan lands, en tekjur af

Þessum liðum er áætlaðar 15,24 millj. Þá er enn fremur ákveðið í lögnum, að vöruleyfisgjöld, 1%, að frádregnum kostnaði við verðlagseftirlit og viðskiptamál, skuli renna í dýrtíðarsjóð. Hefur nefndin áætlað þennan mismun 1,4 millj. Er því gert ráð fyrir, að samanlagðar tekjur til dýrtíðarsjóðs verði 74.64 millj., en að tolltekjurnar verði þá jafnframt lækkaðar um 22 millj. og söluskatturinn, sem áætlaður er í frumvarpinu 34 millj., verði felldur niður. Við þessar breytingar verður hin raunverulega hækkun tekna á þessari grein 18.4 millj. kr. Allar þessar tekjuáætlanir eru gerðar í samráði við fjármálaráðuneytið. Áætlaðar tekjur samkv. 2. gr., áður en þessar breytingar eru gerðar, eru alls 177.8 millj. Samsvarandi tekjur reyndust á s. l. ári 175.4 millj., en þá er ekki reiknað með söluskatti síðasta ársfjórðunginn, sem ætti að nema 4—5 millj. kr. Má af þessu sjá, að eigi er gerlegt að áætla tekjur samkv. þessari grein hærra en hér er gert.

3. gr.

1. Póstsjóður.

Samkvæmt upplýsingum frá pósthjórni hafa gjöld póstsjóðs numið um 6.6 millj. kr. á síðasta ári, en tekjur aðeins um 5.8 millj., og hefur þannig orðið um 800 þús. kr. halli á rekstri póstsjóðs. Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir 6 800 000 kr. útgjöldum, sem er 100 þús. kr. hærra en á síðasta ári, og jafnháum tekjum á móti. Sparnaðarnefnd telur, að tekjuhallinn verði ekki jafnaður með því einu að draga úr kostnaði, heldur beri að ná þessu með því að hækka burðargjald undir prentað mál um 100%, sem gæfi um 200 þús. kr., og gefa út sérstök hátíðarfrimerki, sem áætla mætti, að gæfu 150—200 þús. kr. Einnig mætti spara á bifreiðakostnaði og breyta starfstíma póstmanna og endurskipuleggja vinnuskiptingu í stofnuninni, einkum að því er snertir eftirvinnu í sambandi við afgreiðslu pósts í skip. Í trausti þess, að gerðar verði raunhæfar ráðstafanir til þess að tekjur og gjöld standist hér á, eins og til er ætlað í frumvarpinu, ber meiri hl. ekki fram breytingartillögur við þennan lið greinarinnar.

2. Landssíminn.

Rekstrarútgjöld landssímans eru áætluð á frumvarpinu kr. 18 241 000. Þegar tekið er tillit til þess, að framlag til notendasíma í sveitum hefur verið lækkað um 500 þús. kr. frá því, sem var á fjárlögum síðasta árs, sést, að áætlun rekstrargjalda er hækkuð um kr. 435 500 frá því, sem var í fjárlögum. Eftir því sem upplýst er af sparnaðarnefnd, stafar þetta af hækkun rekstrargjalda sem hér segir: Á aðalskrifstofunni 62 þús., stuttbylgjustöðinni 78 þús., ritsímanum 78 þús. og bæjarsímanum 193 þús. Sparnaðarnefnd þykir þessi aukning ekki óeðlileg með tilliti til aukinnar starfrækslu á símanum, en bendir á, að draga mætti úr kostnaðinum allverulega með lengingu vinnutímans án aukagreiðslu. Samkvæmt upplýsingum frá landssímanum eru rekstrartekjur á s. l. ári um 1 665 000 kr., en ríkisbókhaldið telur tekjurnar vera rúmar 2 millj. Mun þessi mismunur stafa af því, að ríkisbókhaldið færir hér sem tekjur stofnframlag símanotenda, en þetta er ekki fært sem tekjur hjá símanum.

Eins og að framan getur, er framlag til notendasíma í sveitum áætlað 300 þús. í frv. í stað 800 000 í síðustu fjárl. Meiri hl. getur ekki fallið á, að rétt sé að draga svo úr þessum framkvæmdum, þar sem vitað er, hve mikilsvert það er fyrir alla þá, sem í sveitum landsins búa, að geta fengið til sín síma. Er þetta ekki einasta verulegt fjárhagsatriði í sambandi við atvinnureksturinn, heldur og bein öryggisráðstöfun, sem ekki má draga, að gerð verði eins fljótt og tæk eru á. Meiri hl. leggur því til, að þessi liður verði hækkaður um 500 þús., eða upp í það, sem hann var á síðasta árs fjárlögum. Aðrar breytingar leggur meiri hl. ekki til, að gerðar verði á þessum tölulíð greinarinnar.

Eignabreytingar landssímans.

Út.

Nefndin ræddi þessi mál sérstaklega við símamálastjórnina, sem lagði áherzlu á, að hækkuð yrðu framlög til eftirfarandi framkvæmda sem hér segir:

Til viðauka á símkerfi o. fl.	úr 500 þús. í 1 millj.
Til talstöðva í báta og skip	úr 150 þús. í 300 þús.
Til loftskýptastöðva í skip	úr 100 þús. í 200 þús.
Til stuttbylgjustöðvarinnar í Vestmannaeyjum	úr 400 þús. í 650 þús.

Enn fremur að tekin verði upp fjárveiting til eftirfarandi framkvæmda: Til sjálfvirku símstöðvarinnar á Akureyri 1.4 millj. og til póst- og símahúss í Hrótafirði 1.5 millj. En með því að áætlaðar rekstrartekjur ríkissjóðs hrökkva ekki fyrir áætluðum gjöldum, nema síðar verði gert ráð fyrir sérstakri tekjuöflun, en nauðsynlegt hins vegar að ljúka þessum framkvæmdum sem fyrst, þar sem ljóst er, að það mundi tryggja betur efnahagslega afkomu landssímans og jafnframt bæta verulega simasambandið við Vestur- og Norðurland, en á því er aðkallandi nauðsyn, leggur meiri hl. til, að heimild sú, sem gefin var í 22. gr. fjárl. s. l. ár um að verja 3 millj. 360 þús. kr. til þessara framkvæmda, verði tekin upp að nýju.

3. Áfengisverzlun ríkisins.

Áætluð rekstrarútgjöld á þessum lið eru 343 þús. hærri en í fjárlögum 1948. Af þessari upphæð eru 200 þús. kr. hækkun á útsvari, sem reiknað er eftir tekjum stofnunarinnar eins og þær eru á hverjum tíma. Í rekstrarútgjöldum eru 30 þús. ætlaðar til auglýsinga. Leggur sparnaðarnefnd til, að sú upphæð verði felld niður, og hefur meiri hl. fallið á þetta. Sér hann enga ástæðu til, að notað sé fé til auglýsinga á einkasölvörum stofnunarinnar. Þá hefur sparnaðarnefnd upplýst, að afsláttur hafi verið gefinn einum viðskiptamanni, er nemi á s. l. ári 576 þús. kr., og leggur hún til, að þessu sé hætt og tekjuáætlunin hækkuð sem því svarar. Fjárveitinganefnd hefur fallið á, að rétt sé að fella niður slíkan afslátt, og hefur fjármálaráðuneytið þegar gert ráðstafanir til þess, að svo verði gert. Með tilliti til þess, hve óöruggur þessi tekjustofn er, vill meiri hl. ekki leggja til að hækka tekjur af áfengissölu, jafnvel þótt vitað sé, að rekstrarafgangur varð á s. l. ári 52.89 millj.

4. Tóbakseinkasala ríkisins.

Áætluð rekstrarútgjöld á þessum lið eru 107 þús. hærri en í fjárlögum s. l. árs. Kemur það fram í 29 þús. kr. grunnlaunahækkun, 50 þús. kr. húsaleiguhækkun, vegna þess að stofnunin flytur í nýtt húsnæði, og 95 þús. kr. fyrningaafskriftum, auk ýmissa annarra smáútgjalda. Hins vegar hefur orðið nokkur lækkun á öðrum liðum, þ. á m. á útsvari um 75 þús. kr. frá áætlun. Leggur sparnaðarnefnd til, að heildarútgjöld stofnunarinnar verði áætluð 47 þús. kr. lægri en í frv., og gerir meiri hl. fjvn. það einnig að tillögu sinni.

Þá leggur sparnaðarnefnd einnig til, að þessar tvær stofnanir verði sameinaðar og settar undir eina stjórn og telur, að allverulegur sparnaður náist með því. Er þess vænt, að það verði tekið til athugunar af ríkisstjórninni.

5. Ríkisútvarpið.

Áætluð rekstrarútgjöld hafa hækkað um nærri 1100 þús. frá því, sem er í fjárlögum s. l. árs. Kemur þetta fram í 145 þús. kr. launahækkun, 310 þús. kr. hækkun á útvarpsefni og 580 þús. kr. hækkun á framlagi til útvarpsstöðva, auk ýmissa smærri útgjaldaliða. Nefndin ræddi þessi mál mjög ýtarlega bæði við útvarpsstjóra og útvarpsráð. Hún fékk einnig mjög ýtarlega skýrslu frá sparnaðarnefnd um rekstur útvarpsins og síðar svar útvarpsstjóra við þeirri skýrslu.

Af öllum þeim mörgu upplýsingum, sem nefndin fékk um rekstur útvarpsins, er ljóst, að hér ríkir mikil rausn á mörgum sviðum, bæði hvað snertir mannahald og greiðslur fyrir útvarpsefni, enda hefur stofnunin haft svo að segja takmarkalaus fjárráð og því hvergi þurft að skera við nögl, eins og sjá má af því, að á árunum 1940—1947 hafa tekjur útvarpsins umfram útgjöld verið 4.4 millj., og er árið 1947 hæsta tekjuárið með 1.6 millj. kr. í tekjuafgang. Viðtækjaverzlunin hefur auk þessa frá upphafi samanlagt nærri 5.5 millj. í tekjur, en af þeim er aðeins greitt til útvarpsins 1.5 millj., en hitt stendur að mestu sem rekstrarfé í stofnuninni. Í framkvæmdasjóði eru tæpar 5 millj. kr., eða rúmlega allur ágóði árunna 1940—1947. Árið 1948 eru tekjur útvarpsins umfram gjöld rúmlega 1.2 millj. kr., og hafa þá 100 þús. kr. verið reiknaðar í fyrningar. Framlag til framkvæmdasjóðs, 40% af iðgjöldum ársins, nemur það ár 1 millj. 360 þús. Vantar þá 160 þús. kr. til þess að útvarpið geti sjálft staðið undir fullri greiðslu til sjóðsins. Er líklegt, að með hagsýni í rekstri stofnunarinnar mætti fyllilega spara þá upphæð, svo að hún gæti horið sig án framlags annars staðar að. Lítur sparnaðarnefnd einnig þannig á þetta mál. Gerir hún ýmsar tillögur bæði til lækunar á útgjöldum og hækkunar á tekjum og telur auk þess, að rétt sé að svipta útvarpið tekjum af viðtækjaverzluninni í framtíðinni. Fjárveitinganefnd hefur athugað allar þessar tillögur, og eftir að hafa rætt málið á ný við forstjóra stofnunarinnar, leggur meiri hl. til, að laun verði áætluð kr. 77 760 lægri, kostnaður við útvarpsefni 160 þús. kr. lægri, til útvarpsstöðva 420 þús. kr. lægra, þar sem sá kostnaður á að greiðast úr framkvæmdasjóði, og að kostnaður við viðtækjaverzlun og viðtækjasmíðju lækki um 80 þús. kr., eða lækkun alls á þessum liðum 521 þús. kr.

7.—8. Áburðarsala ríkisins. — Grænmetisverzlun ríkisins.

Nefndin ræddi við forstjóra stofnananna og m. a. um rekstrarafkomu þeirra á s. l. ári. Tekjuafgangur af áburðarsölu reyndist tæpar 180 þús. kr., og er þá með talinn rúml. 78 þús. kr. ríkissjóðsstyrkur, framlag frá 1942. Tekjuafgangurinn er lagður í rekstrarsjóð, sem nú er rúml. 1100 þús. kr. Rekstrarafgangur grænmetisverzlunarinnar varð rúml. 133 þús. Af því fé eru rúml. 13 þús. lagðar í varasjóð, sem nú er orðinn rúmar 300 þús., og afgangurinn í rekstrarsjóð, sem nú er orðinn rúmar 650 þús. kr. Meiri hl. gerir till. um að lækka annan kostnað við grænmetisverzlunina um 50 þús., en að áætla jafnframt 50 þús. kr. lægri tekjur, m. a. með tilliti til lækknarmöguleika á verði, og hafa þessar till. því ekki áhrif á niðurstöðurnar, þótt samþykktar verði.

10. Tunnuverksmiðja ríkisins.

Mjög ófullkomnar upplýsingar lágu fyrir nefndinni um rekstur þessa fyrirtækis. Hún kvaddi því á fund sinn formann sildarútvegsnefndar, en sú stofnun hefur nú tekið við rekstri verksmiðjunnar. Varð ljóst af þeim viðræðum, að margt er enn óuppgeft í sambandi við rekstur fyrri ára og alveg óvíst, hvernig sú afkoma verður. Sparnaðarnefnd hafði einnig athugað þetta fyrirtæki. Leggur hún til, að tekjur og gjöld færast hvort um sig niður í 2 millj. 754 þús. kr. Fellst meiri hl. á, að þessar till. verði teknar upp í frumvarpið, jafnframt því sem hann telur nauðsynlegt, að hraðað verði sem mest endanlegu uppgjöri á rekstri fyrirtækisins frá upphafi og að lagðir verði fram árlega rekstrarreikningar yfir þetta fyrirtæki sem önnur fyrirtæki ríkisins.

Nýir liðir.

Meiri hl. leggur til, að Landssmiðjan sé tekin upp í 3. gr. frumvarpsins, eins og áður hefur tíðkast. Samkvæmt rekstrarreikningi hefur fyrirtækið haft um 190 þús. kr. tekjuafgang á s. l. ári, og hafði þá verið reiknað til afskrifta um 357 þús. Rekstrarhagnaður á þessu ári er áætlaður 24 þús. kr. Meiri hl. gerir till. um að taka áætlunina upp óbreytta, enda búizt við, að afskrifa verði allháar upphæðir af útistandandi skuldum. Eru þessar tillögur í samræmi við till. sparnaðarnefndar, sem hafði einnig athugað gaumgæfilega rekstur þessarar stofnunar.

Þá leggur meiri hl. einnig til, að tekinn sé upp nýr liður. „Bessastaðabú“. Hækkar það gjöldin á þessari grein um 21 þús. kr. Er þetta tilfærsla frá 8. gr. og gerð samkvæmt beiðni forsætisráðuneytisins.

Yfirlit yfir framanskráðar breytingar á þessari grein:

Lækkun gjalda:

Áfengisverzlun ríkisins	kr. 30 000
Tóbakseinkasalan	— 47 000
Ríkisútvarpið	— 657 760
Viðtækjaverzlunin	— 60 000
Viðtækjasmiðjan	— 20 000
	<hr/>
	Kr. 814 760
+ Hækkun tekna Landssmiðju	— 24 000
	<hr/>
	Kr. 838 760
÷ Hækkun á framlagi til notendasíma í sveitum	kr. 500 000
Tap á Bessastaðabúi	— 21 000
	<hr/>
	— 521 000
	<hr/>
Lækkun alls	kr. 317 760

GJALDABÁLKURINN

7. gr.

Vaxtagreiðslur eru nærri 2 millj. kr. hærri en í fjárl. s. l. árs. Stafar þetta mest af hinum miklu lausaskuldum ríkisins, sem greiða verður af 6% vexti. Er gerð full grein fyrir þessu í athugasemdum við frv., og sér meiri hl. ekki ástæðu til að gera hér tillögur til breytinga.

8. gr.

Samkvæmt beiðni forsætisráðuneytisins er gerð tillaga um að lækka kostnað við æðstu stjórn landsins um kr. 75 320.00. eru upphæðir þessar færðar til gjalda sumpart á 3. gr. og sumpart á 10. gr. og hafa því engin áhrif á heildarniðurstöður fjárlaganna.

9. gr.

Áætlaður kostnaður á þessari grein er 800 þús. kr. hærri en í fjárl. s. l. árs. Hefur sparnaðarnefnd haft mál þetta til athugunar, og telur hún, að spara mætti 300 þús. kr. með því að hætta að prenta ræðupart Alþt. og undirbúa betur en gert er þingmálin, áður en þing kemur saman. Ræddi nefndin við skrifstofustjóra, hvort unnt væri að spara fé með því að nota meira tækniáhöld við upptöku á ræðum manna, og kvað hann það vera í athugun. Annars er það til athugunar, hvort ekki ætti að hætta með öllu útgáfu ræðuparts Alþt.

10. gr.

Áætlaður kostnaður við stjórnarráðið hefur hækkað um nærri 340 þús. kr. frá fjárlögum 1948. Þykir meiri hl. þessi þróun allt of ör og leggur til, að kostnaðurinn verði færður niður um nærri 200 þús. kr. Kemur þetta mest fram á liðnum „Annar kostnaður“, sem lagt er til, að lækki um 100 þús. kr., eða í það, sem var í fjárlögum s. l. ár. Ríkisféhirzla og ríkisbókhald, sem fært er á þessa grein, kostar nú rúmlega 400 þús. kr. Rítaði nefndin ráðuneytinu bréf snemma á þessu þingi og henti á, hvort gerlegt mundi að fá samkomulag við Landsbankann um að taka að sér þetta starf í sérstakri deild í bankanum fyrir miklu minni kostnað. En við þessu erindi hefur nefndin ekkert svar fengið frá ráðuneytinu.

Nefndin ræddi við utanríkisráðherra um framtíðarskipulag á utanríkisþjónustunni, einkum á Norðurlöndum, með því að sterkur vilji kom fram um það í nefndinni

að fækka þar sendiherrum. Meiri hl. gerir þó ekki tillögur um þetta á þessu stigi. Samkv. ósk ráðuneytisins gerir meiri hl. tillögur um, að áætlun til sendiráðsins í Stokkhólmi verði lækkuð um 26 þús. kr., en að teknir séu upp tveir nýir liðir til hækkunar, annar 100 þús. kr. til aðalræðismannsskrifstofu í Þýzkalandi, sem nauðsynleg er talin vegna mjög vaxandi viðskipta við það land, og hinn kr. 62 600 kr. hækkun til sendiráðsins í París, aðallega vegna kostnaðar í sambandi við Marshall-hjálpinu. Þá leggur meiri hl. til, að tekinn sé upp á þessa grein nýr liður vegna kostnaðar við Fálkaorðuna, 39 þús., og er það tilfærsla frá 8. gr. eins og fyrr er getið um.

11. gr.

Áætlaður rekstrarkostnaður í þessari grein er tæpum 4 millj. kr. hærri en í fjárlögum 1948 og skiptist þannig:

A-liður. Dómgæzla og lögreglustjórn	kr. 1 015 000
B-liður. Opinbert eftirlit	— 1 614 000
C-liður. Kostnaður vegna innheimtu tolla og skatta	— 768 000
D-liður. Sameiginlegur kostnaður	— 450 000
	<hr/>
	Kr. 3 847 000

Allir þessir liðir voru í fjárlögum s. l. árs tæpar 17 millj., svo að hækkunin nemur yfir 22%. Þykir meiri hl. þessi hækkun svo mikil, að nauðsyn beri til að spyrna hér við fótum. Hún ræddi því þessi mál við flesta þá aðila, sem með þau fara, og auk þess rannsakaði sparnaðarnefnd málið mjög ýtarlega og gerði ýmsar tillögur til lækkunar, er nefndin tók til athugunar. Orsökina til þessarar útpenslu er að rekja til þess, að með hverju ári er ríkisvaldið látið hafa meiri og meiri afskipti af flestum málum þjóðfélagsins. Margvíslegar reglur og lög eru gefin út um bein eða óbein afskipti ríkisvaldsins af flestu því, sem menn taka sér fyrir hendur, en öll slík afskipti kosta bæði tíma og fé og koma fram í síauknum rekstrarkostnaði í ríkisrekstrinum. Á móti þessum auknu útgjöldum ríkissjóðs koma þó að jafnaði nokkrar auknar tekjur, en einnig þar eru skattar á þegnana í annarri mynd.

Sparnaðarnefnd hefur lagt til, að felld sé niður risna til forseta hæstaréttar, kr. 5 500. Meiri hl. fellst á, að svo verði gert. Sá háttur hefur verið hafður á í þessum málum undanfarið, að fjöldi manna fær nú risnufé, m. a. allir skrifstofustjórnar í stjórnarráðinu. Meiri hl. getur ekki fallizt á, að þetta sé nauðsynlegt eða rétt og leggur því til, að þetta verði afnumið. Meiri hl. leggur einnig til, að á þessu ári verði ekki veitt fé til útgáfu hæstaréttardóma. Ekki af því, að ætlaðt sé til, að hætt verði útgáfu dómanna, heldur af hinu, að ætlaðt er til, að söluverð þeirra verði hækkað og gerð tilraun til þess að láta útgáfuna bera sig fjárhagslega. Við báða þessa liði sparast kr. 55 500.00, ef till. verður samþ. Áætlaður kostnaður við borgardómaraembættið hefur hækkað um 20 þús. kr. frá fjárlögum s. l. árs. Leggur meiri hl. til, að framlag til þess embættis verði lækkað um kr. 18 949. Hefur sparnaðarnefnd áður gert tillögur til ríkisstjórnarinnar um að lækka kostnað við bifreiðarekstur embættisins. Áætlaður kostnaður við sakadómaraembættið hækkar um 73 þús. frá fjárlögum s. l. árs. Mun þar vera m. a. um að ræða fjölgun tveggja manna, sem dæma eiga um verðlagsbrot. Hækkar það launin um 49 þús. Leggur meiri hl. til, að framlag til þessa embættis sé lækkað um kr. 24 451. Sparnaðarnefnd hefur einnig gert tillögur um lækkun á bifreiðakostnaði embættisins.

Áætlaður kostnaður við lögreglustjóraembættið hækkar um 110 þús. frá fjárlögum s. l. árs. Meiri hl. leggur til, að kostnaður við aukavinnu verði lækkaður um 50 þús. kr. Sparnaðarnefnd gerir hins vegar engar tillögur til lækkunar á þessum lið.

Áætlaður kostnaður við embætti sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra hækkar um 126 þús. kr. frá fjárlögum s. l. árs. Um þetta gerir sparnaðarnefnd engar tillögur. Meiri hl. lítur hins vegar svo á, að mikil rausn ríki hér í mannahaldi, og

leggur til, að framlag til þessara embætta verði lækkað um 244 399 kr., en af þeirri upphæð er 100 þús. kr. lækkun á 3. lið, „Annar kostnaður“.

Áætlaður kostnaður við ríkislögreglu hefur hækkað um 200 þús. kr. frá fjárlögum s. l. árs. Sparnaðarnefnd gerir hér engar tillögur til lækkunar. Meiri hl. leggur hins vegar til, að kostnaður við bifreiðar embættisins verði lækkaður um 80 þús. kr. Einnig er lagt til, að verðlagsuppbót á laun sé hækkuð um 10 þús., til leiðréttingar á skökkum útreikningi í frv.

Áætlaður kostnaður við landhelgisgæzlu hækkar um 250 þús. Nefndin ræddi þetta atriði mjög ýtarlega við menntunrh., sem nú fer með þessi mál, og forstjóra Skipaútgerðar ríkisins, sem báðir töldu, að hækka þyrfti framlagið enn um 1 millj. kr., ef ekki ætti að draga mjög verulega úr landhelgisgæzlunni. Einnig var rætt um þetta við fjmrh., sem lagði fram áætlun um framkvæmd gæzlunnar, byggða á 4 millj. kr. útgjöldum. Er upphæðin því látin standa óbreytt í frv.

Meiri hl. leggur til, að kostnaður við sakamál verði lækkaður um 20 þús. kr og kostnaður við setu- og varadómara verði lækkaður um 50 þús. kr. Sparnaðarnefnd telur, að mikil lækkun á þessum kostnaði mundi fást með því að skipa fastan setudómara með ákveðnum árslaunum og í því sambandi einnig að ráða fastan hestaréttarlögmann í þjónustu ríkisins, í stað þess að greiða málafærslulaun eftir reikningi.

Áætlaður kostnaður við skipaskoðunina hefur hækkað frá fjárl. s. l. árs um 11 þús., verksviðjueftirlitið um 13 þús. og bifreiðaeftirlitið um 108 þús. Meiri hl. gerir engar tillögur til lækkunar á kostnaði við þessar stofnanir. En nefndin hefur ritað ráðuneytinu bréf og óskað eftir því, að allur rekstur bifreiðaeftirlitsins yrði athugaður nú þegar og nýjar tillögur sendar nefndinni fyrir 3. umr. Samkv. ríkisreikningum 1947 urðu útgjöldin hjá stofnuninni það ár 647 þús. kr. og fóru þá 253 þús. kr. fram úr áætlun. Rekstrarhalli það ár var 85 þús. kr. Á s. l. ári urðu útgjöldin 646 þús. kr. og fara 205 þús. kr. fram úr áætlun. Tekjur urðu 680 þús. og rekstrarhagnaður 34 þús. kr. Tala þessar tölur sínu máli og sanna bezt, að hér þarf að fara fram gagnger breyting á stofnuninni og starfrækslu hennar. Ummæli sparnaðarnefndar og tillögur hniga einnig allar í þessa átt. Hér gæti vel komið til mála að setja allt eftirlit undir eina stofnun, í stað þess að dreifa því eins og nú er gert, og mætti á þann hátt hafa eftirlitið bæði miklu fullkomnara og ódýrara.

Áætlaður kostnaður við löggildingarstofuna hækkar um 17 þús. frá fjárlögum s. l. árs. Er hækkunin öll á liðnum „Annar kostnaður“. Meiri hl. leggur til, að þessi liður verði lækkaður um 13 680 kr. og auk þess að tekjur móti gjöldum verði hækkaðar um 19 þús. Verði þessar till. samþ., sparast við það um 32 860 kr. Eftir því, sem sparnaðarnefnd upplýsir, hefur ráðuneytið gert ráðstafanir til þess, að stofnunin hækki skoðunar- og viðgerðargjöld til samræmis við þessar breytingar.

Áætlaður kostnaður við skipulag bæja hækkar um 30 þús. frá fjárl. s. l. árs. Meiri hl. leggur til, að tekjur á móti gjöldum séu hækkaðar um 64 100 kr., en bendir jafnframt á, að nauðsynlegt er að gæta meira hófs í þessari stofnun en verið hefur og leggur áherzlu á, að svo verði gert. Eru það og tillögur sparnaðarnefndar.

Meiri hl. leggur til, að „Annar kostnaður“ við síldarmat verði lækkaður um 12 400 kr.

Áætlaður kostnaður við eftirlit með verðlagsmálum er hækkaður um kr. 1 286 000 frá fjárl. s. l. árs. Eru hér, eins og fyrr, áætlaðar jafnháar tekjur á móti. Sparnaðarnefnd hefur athugað allýtarlega þessa stofnun, og leggur hún til, að Viðskiptanefnd verði lögð niður og fjárhagsráði falin störf hennar. Telur hún, að með því megi spara um 200 þús. kr. í launum nefndarmanna. Þá leggur hún og til, að skömmtunarskrifstofan verði lögð niður og störfin lögð undir fjárhagsráð, og jafnframt verði skömmtun á ýmsum nauðsynjavörum afnumin. Telur hún, að við þetta mætti spara 600—700 þús. Fjvn. kallaði til sín alla forstjóra þessara stofnana og ræddi við þá ýtarlega um málið. Var það sameiginleg skoðun þeirra, að stofnanirnar þyrftu fleira fólk, meira húsnæði og enn meira fé en áætlað er í frv. Þá ræddi nefndin einnig við viðskmrh. um málið. Kvaðst hann ekki geta búizt við, að unnt væri að lækka þennan kostnað

nema með verulega breyttu fyrirkomulagi og minnkandi verkefnum fyrir stofnanirnar að annast. Væru í undirbúningi breytingar á þessum málum, sem þó ekki væri víst, að draga mundu verulega úr kostnaði, þótt samþykktar yrðu. Meiri hl. er þeirrar skoðunar, að draga beri mjög verulega úr rekstrarkostnaði þessara stofnana, m. a. með því að gera afgreiðslu málanna einfaldari og ódýrari og draga úr vöruskömmtnun eftir því sem fært þykir. Í trausti þess, að ríkisstjórn og Alþingi skipi þessum máli um á annan einfaldari og ódýrari hátt, leggur meiri hl. til, að framlag til þessara mála verði lækkað um 1 186 500 kr. En með því að tekjur eru áætlaðar jafnháar á móti útgjöldunum, hefur breytingin ekki áhrif á niðurstöðutölur á þessari grein, þótt samþykkt verði.

Áætlun um kostnað við húsaleigunefndir hækkar um 79 þús. kr. Meiri hl. leggur til, að þessi liður verði lækkaður um 129 800 kr. og telur jafnframt, að þessi útgjöld eigi sem allra fyrst að hverfa úr fjárl. Leggur sparnaðarnefnd til, að gerðar verði allverulegar breytingar á launafyrirkomulaginu og telur, að með því móti megi spara 200 þús. kr. á þessum lið. Er það til athugunar fyrir ríkisstjórnina.

Áætlaður kostnaður við toll- og skattinnheimtu hækkar um 768 þús. frá fjárl. s. l. árs og sameiginlegur kostnaður um 450 þús. Leggur meiri hl. til, að eftirfarandi lækkunar verði gerðar á þessum liðum: Framlag til tollstjóraembættisins í Reykjavík um 85 996 kr., framlag til tollgæzlu í Rvík um 90 þús. og utan Rvíkur um 23 400, framlag til skattstofunnar í Rvík um 162 800 kr. og utan Rvíkur um 155 þús. Er þessar upphæðir minna en helmingur af þeirri hækkun, sem gerð er frá fjárl. s. l. árs. Sparnaðarnefnd gerir engar tillögur til lækkunar á þessum liðum, en bendir á, að með breyttu fyrirkomulagi á skattstofunni mætti spara allverulegar upphæðir í vinnulaunum. Rétt þykir að taka fram, að kostnaður við framtalsnefnd er ekki með reiknaður, þar sem ætlað er til, að hann verði greiddur af innkomnum tekjum af eignakönnuninni.

12. gr.

Áætlaður kostnaður við þessa grein hækkar um 3 millj. 475 þús. frá fjárl. s. l. árs. Stafar hækkunin mest af kostnaði við ríkisspítalana, 1 millj. 680 þús., til berklavarna 474 þús. og sjúkrastyrkur 1.3 millj.

Nefndin ræddi mál þessi öll við landlækni, heilbrmrh. og forstjóra ríkisspítalanna. Sparnaðarnefnd hafði einnig athugað þessi mál mjög ýtarlega og gert tillögur til lækkunar, sem nema alls 300 þús. kr., auk þess sem hún leggur til, að daggjöld séu hækkuð allverulega, einkum á fæðingardeildinni. Þá hafa verið leidd að því rök, að mat á hlunnindum, sem færð eru sem tekjur, sé óhæfilega lágt, og að ráðstafanir beri að gera til þess að það sé fært í sanngjarnt horf. Hefur nefndin ritað ráðuneytinu um þetta atriði og fengið það svar, að matinu sé jafnan áfrýjað til ríkisskattnefndar, sem samkvæmt lögum hefur endanlegan úrskurð í málinu. Er því auðsætt, að fáist ríkisskattnefnd ekki til þess að meta hlunnindin á eðlilegu verði, verður að gera aðrar ráðstafanir til þess, að rétt mat komi hér fram. Upplýst er, að greiddar hafi verið rúmar 80 þús. kr. í launauppbætur til lækna við landsspítalann og að enn sé með þessu reiknað í frv. En með því að fyrir þessu er ekki heimild í lögum, leggur meiri hl. til, að launaupphæðin við landsspítalann verði lækkuð um 84 000 kr. Þá er einnig lagt til, að tekjur af daggjöldum verði hækkaðar um 160 þús. Enn fremur er lagt til, að tekjur fæðingardeildarinnar verði með hækkun daggjalda hækkaðar um 315 þús. Af þeirri hækkun kemur þó aðeins $\frac{1}{3}$ til góða fyrir ríkissjóð.— Verði þessar till. samþykktar, nemur lækkun á þessum lið 349 þús. Meiri hl. leggur til, að kostnaður við berklavarnir verði lækkaður um 19 100 kr. Er gert ráð fyrir, að sjúkradeildin verði lögð niður og störfin falin félagsmálaráðuneytinu. Er þetta gert í samráði við það ráðuneyti. Þá er einnig lagt til, að styrkur til berklasjúklinga sé lækkaður um 300 þús. kr. Er þetta einnig gert í samráði við ráðuneytið, sem telur, að upphæð sú, sem þá er eftir, verði nægileg.

Meiri hl. leggur til, að teknir verði upp í frv. þrír nýir gjaldaliðir: 500 þús. kr. til sjúkráhúss í Rvík. Eins og kunnugt er, er sjúkráhúskostur bæjarins þannig, að til

stórvandræða mundi horfa, ef sótt kæmi í stórum stíl upp í bænum, 30 þús. til lækni-
isvitjanasjóða, sem er samkvæmt lögum, og 15 þús. til tveggja ára drengs, sem sendur
var til lækninga í Ameríku og foreldrarnir geta á engan hátt kostað vegna efnahags-
ástæðna.

13. gr.

Áætluð rekstrarútgjöld í þessari gr. hækka um tæpar 2.4 millj. frá fjárlögum
s. l. árs. Af því eru 65 þús. kr. hækkun á stjórn vegamála, 1 millj. 250 þús. kr. á
sérleyfishifreiðum, en þar koma áætlaðar tekjur á móti, 458 þús. kr., nýr liður til
ferðaskrifstofu, og eru þar einnig áætlaðar tekjur á móti, og 600 þús. kr. hækkun
vegna flugmála. Meiri hl. leggur til, að „Annar skrifstofukostnaður“ í skrifstofu
vegamálastjóra verði lækkaður um 25 þús. og ferðakostnaður verkfræðinga um 50
þús., og eru þá áætlaðar sömu upphæðir til þessara liða og voru í fjárl. s. l. árs.

Framlag til nýrra akvega hefur verið lækkað á frv. um nærri 4 milj. kr. frá
fjárl. s. l. árs. Getur meiri hl. ekki fallið á, að þetta standi óbreytt. Lagt er því til,
að þessi liður verði hækkaður um 4 millj. og framlaginu skipt á þann hátt, sem
tekið er fram í tillögunni. Hinir breyttu atvinnuhættir í landinu orsaka það, að
þörfin fyrir nýja vegi er enn meiri en nokkru sinni fyrr, enda er það beinlínis
skilyrði fyrir því, að byggð haldist í hinum ýmsu héruðum landsins og að fram-
leiðslan dragist þar ekki saman, að unnt sé að þoka jafnt og þétt áfram vegalagn-
ingu um þau. Eru kröfur og óskir um þetta langt fram úr því, sem hægt er að
mæta á skömmum tíma.

Til viðhalds akvega er áætlað í frv. 9 millj. Er það sama upphæð og í fjárl.
Bæði vegamálastjóri og samgmrh. hafa lagt fast að nefndinni að hækka þetta fram-
lag um allt að 4 millj. og telja það lágmark til þess að geta mætt umframeyðslu á
þessum lið á s. l. ári og geta haldið vegunum sæmilega við á þessu ári. Aftur á móti
hefur fjmrh. ekki getað fallið á þetta, nema tekjur væru tryggðar á móti. Með því
að um það mun hafa verið rætt í stjórninni að hækka toll af benzini til þess að
mæta þessum útgjöldum, þótti meiri hl. ekki rétt að gera tillögur til hækunar á
þessum lið á þessu stigi málsins.

Til brúargerða er ætlað í frv. 2 millj. kr. Er þessi upphæð 795 þús. kr. lægri en
í fjárl. síðasta árs. Meiri hl. leggur til, að framlag til brúa verði hækkað um kr.
1 883 250 og því skipt á þann hátt, sem fram kemur í till. Langsamlega mest af
þessari upphæð er endurveiting á þeim 35%, sem skorið var niður á framlagi til
brúa á síðasta ári, og viðbótarveiting til sömu brúa, og er lagt til, að auk þess sé
veitt fé aðeins til 4 nýrra brúa, samtals 320 þús. Fyrir nefndinni lágu tillögur frá
vegamálastjóra um framlag til 19 annarra nýrra brúa, sem mjög aðkallandi er, að
byggðar verði, og talið er, að kosta muni rúmlega 2 millj. kr. Þótt meiri hl. viður-
kenni, að hér sé um brýna þörf að ræða, þykir ekki fært að leggja til, að fé verði
veitt til þeirra á þessu ári.

Endanlegar till. frá samvn. samgm. um styrk til flóabáta liggja ekki enn fyrir,
og eru því ekki gerðar till. til breytinga á þeim lið við þessa umr.

Áætlunarbifreiðar á vegum póststjórnarinnar hafa verið teknar inn í frv. sem
nýr liður. Var þetta áður fært á 3. gr. Í síðustu fjárl. voru gjöldin áætluð 2.3 millj.
og jafnháar tekjur á móti. Í frv. eru gjöldin nú áætluð 3 550 þús., eða 850 þús. hærri,
og jafnháar tekjur á móti. Í frv. eru gjöldin nú áætluð 3 550 000, eða 850 þús. hærri,
á s. l. ári orðið á Norðurlandsleiðum 1 millj. 657 þús., en tekjur á móti 1 millj. 49 þús.,
eða 166 þús. rekstrarhalli. Er þá ekkert ætlað fyrir afskriftum. Sé reiknað með 10%
afskriftum af 1 millj. 220 þús. eignum, sbr. efnahagsreikn., bætist enn við hallann 122
þús. kr. Skuldir þessa fyrirtækis eru nú 1 millj. 486 þús., en eignir á móti 1200 þús.,
eða nærri 300 þús. kr. minna en skuldirnar. Rekstrargjöld á Hafnarfjarðarleiðinni
hafa orðið 1 millj. 615 þús. án afskrifta. Sé einnig hér reiknað með 10% afskriftum
af 2.6 millj. kr. eignum, bætast við útgjöldin 260 þús. og verða þau þá 1 millj. 875
þús. kr. Tekjur á móti eru 1 millj. 636 þús., svo að hér er um rekstrarhalla að
ræða, sem nemur 239 þús. kr. Skuldir þessa fyrirtækis eru nú alls 3 millj. 611 þús.

kr., en eignir á móti 3 millj. 58 þús., eða 553 þús. kr. minni en skuldir. Samanlagðar skuldir fyrirtækjanna eru því 849 þús. kr. meiri en eignirnar Skuldir fyrirtækjanna sundurliðast þannig:

1. Við póstsjóð	kr. 2 220 000
Með því að óskiljanlegt var, hvernig póstsjóður gæti lánað svo stórar upphæðir, er spurzt fyrir um þetta atriði, og upplýsist þá, að hér er um að ræða fé, sem pósthjónin innheimtir og greiða verður aftur út á vissu tímabili og verður þá að vera fyrir hendi.	
2. Við sérleyfissjóði	— 750 000
3. Við ríkissjóð, ógreiddir tollar	— 700 000
4. Við ýmsa aðra skuldunauta	— 1 427 000

Alls kr. 5 097 000

Af þessu er ljóst, að gera verður kröfu til þess, að þessum málum verði komið án tafar í annað og betra horf, svo að tryggt sé, að fyrirtækið komist á fjárhagslega heilbrigðan grundvöll, nema ríkissjóður leggi það niður og selji eignirnar, til að forðast frekari rekstrarhalla.

Meiri hl. leggur til, að liður IX með undirliðum verði felldur niður. Hefur þessi breyting þó engin áhrif á niðurstöður fjárlaganna.

Meiri hl. leggur til, að framlag til hafnarmannvirkja og lendingarbóta verði hækkað um 195 þús. og heildarframlaginu skipt eins og fram er tekið í tillögunum. Hafa nefndinni borizt óskir um meira en tvöfalt þetta framlag, auk þess sem ríkissjóður á óinnt af hendi til ýmissa hafna framlög, sem nema meiru en sú upphæð öll, sem lagt er til, að tekin verði inn í frv. Til nefndarinnar hafa borizt margvíslegar alvarlegar umkvartanir um tjón á hafnarmannvirkjum viðs vegar á landinu, sem talið er, að stafi fyrst og fremst af því, að óheppilega hafi tekizt um framkvæmd hafnarmálanna. Eins og kunnugt er, treysta hin ýmsu sveitarfélög því, að þær tillögur, sem koma frá vita- og hafnarmálaskrifstofunni um framkvæmdir hafnarmála, séu svo öruggar, að eftir þeim megi fara án verulegrar áhættu, enda hafa fæstir aðilar haft vól á því að leita til annarra um útreikninga, áætlanir og verkstjórn. En nú hefur reynslan sýnt, að þessu hefur ekki mátt treysta sem skyldi, hverju svo sem um er að kenna, og eru sum af þessum óhöppum að riða viðkomandi hafnarsjóðum að fullu. auk þess sem þau valda ríkissjóði stórkostlegum útgjöldum. Er hér um svo alvarlegt mál að ræða, að óhjákvæmilegt er að krefjast þess, að á þessu verði ráðin bót þegar í stað og það tryggt, að slíkt endurtaki sig ekki. Er þess vænt, að ríkisstj. láti ekki undir höfuð leggjast að gera hér á nauðsynlegar umbætur. Í frv. er aðeins gert ráð fyrir 300 þús. kr. til hafnarbótasjóðs. Samkvæmt lögum ber að endurgreiða sjóðnum hluta af útistandandi lánnum, sem nemur 1200 þús. kr. Meiri hl. leggur því til, að þessi liður verði hækkaður um þá upphæð. Þá er einnig lagt til, að tekinn sé upp nýr liður, til ferjuhafna 410 þús., er skiptist á þann hátt sem tillagan greinir.

Af þeim 410 þús., sem áætlað er í rekstrarkostnað vitanna, er gert ráð fyrir 30 þús. til rekstrar radiovita á Akranesi.

Eins og fyrr er getið, er áætlun til flugmála 600 þús. kr. hærri en í fjárl. s. l. árs. Meiri hl. leggur til, að laun samkv. I verði lækkuð um 114 300 kr., laun og annar kostnaður samkv. II 244 þús. og laun og annar kostnaður samkv. III um 34 þús., eða alls 392 300 kr., og hefur þó eigi náðst niðurfærsla að fullu við hækkun frá fyrra ári.

14 gr.

Áætlaður kostnaður til kirkju- og fræðslumála hækkar um 4 millj. kr. frá fjárl. 1948, og er þá ekki með talið fjárlag til bygginga. Meiri hl. leggur til, að liðurinn „Ljós og hiti í biskupsbústaðnum“, kr. 4 500, falli niður. Er þetta einnig till. sparnaðarnefndar. Þá er einnig lagt til, að ferðakostnaður biskups lækki um 2 þús.,

að kostnaður við kirkjusöng lækki um kr. 7 500 og kostnaður við kirkjuráð, kr. 1500.00, falli niður. Einnig að tekinn verði upp nýr liður til útgjalda: Viðbót á eftirlaun presta og ekkna þeirra, 31 þús.

Þá leggur meiri hl. til, að risna til háskólarektors, kr. 7 500, falli niður, að framlag til verkfræðideildar og tímakennslu lækki um 20 þús. kr., að liðirnir „Námskeið í kennslufræðum“, 20 þús., og „Til íþróttakennslu“, 13 500 kr., falli niður og ýmisleg gjöld lækki um 60 þús. Lagt er til, að laun við „Keldur“ lækki um 54 þús. og „annar kostnaður“ um 50 þús. Þegar fé til þessarar stofnunar var ákveðið í síðustu fjárl., var gert ráð fyrir, að hún annaðist allar rannsóknir í sambandi við sauðfjársjúkdóma og framlagið miðað við það. Nú hefur ráðuneytið upplýst, að þetta hafi ekki verið framkvæmt í stofnuninni, heldur hafi orðið að framkvæma það á öðrum stað, án þess þó að því fé, sem veitt var í þessu skyni, hafi verið varið til greiðslu á þeim kostnaði. Þykir því rétt að taka tillit til þess nú, að önnur stofnun framkvæmir rannsóknirnar og fái þá til þess það fé, sem til þeirra rannsókna er ætlað. Með þetta fyrir augum er lagt til, að framlagið sé lækkað eins og að framan greinir. — Meiri hl. leggur til, að tekinn sé upp nýr liður á þessa grein, styrkur til Elíasar Eyvindssonar lækni til að nema svæfingaaðferðir í Ameríku, 12 þús. kr. Einnig er lagt til, að kostnaður við skólastjórn við menntaskólana, 6 þús. kr. til hvors, falli niður og að „annar kostnaður“ við Akureyrarskóla lækki um 20 þús.

Þá er enn lagt til, að tekinn sé upp nýr liður: „Til að semja kennslubók í vélfræði 25 þús.“. Í rúm 30 ár, sem vélstjóraskólinn hefur starfað, hafa nemendur engan kost átt á því að nema þessa erfiðu námsgrein á sínu eigin máli. Er þess því vænt, að verði till. samþ., þá verði gerðar ráðstafanir til þess að hefja þetta verk þegar.

Lagt er til, að lækkað sé framlag til bændaskólans á Hólum, til endurbóta á fjósi, um 40 þús. Var þetta rætt við skólastjóra. Meiri hl. leggur einnig til, að framlag til fjósbyggingar á Hvanneyri verði lækkað um 30 þús., en að upp séu teknir nýir liðir til viðhalds á íþróttahúsi á Hvanneyri, 25 þús., og til framhaldskennslu í búfræði, 40 þús. Þykir nauðsynlegt, að deild sú, sem nú er starfrækt við skólann, haldi áfram. Lagt er til, að viðhald á skólahúsi á Reykjum lækki um 25 þús. Einnig að kostnaður vegna utanfara kennara, 20 þús., falli niður, framlag til útgáfu námsbóka fyrir gagnfræðaskóla lækki um 15 þús., framlag til lagfæringa á íþróttavöllum, 25 þús., falli niður, að styrkur til blaðamannafélagsins, 10 þús., og til alþýðuskólans í Reykjavík, 4 þús., falli niður, en styrkur til Alþýðusambandsins lækki um 2 þús., og að framlag til rannsókna á þroskastigi íslenskra barna, kr. 72 300, falli niður.

Þá er lagt til, að tveir nýir liðir verði teknir upp til útgjalda: Til Hallgríms Helgasonar, kr. 12 500, og til Sigursveins Kristinssonar, kr. 4 000.

Meiri hl. hefur ekki gert neinar tillögur til breytinga á framlagi til byggingar skólahúsa né heldur um skiptingu á því fé, sem tekið er upp til þessa í frv. Hitt er ljóst, að ríkissjóður á ógreitt framlag til ýmissa skóla, sem nemur miklu hærri upphæð en þeirri, sem tekin er upp í frv. Þótt svo færi, að engin fjárfestingarleyfi yrðu veitt til byggingar skóla á þessu ári, hrykki framlagið ekki til að inna af hendi ógreidd framlög ríkissjóðs.

15. gr.

Áætlaður rekstrarkostnaður á þessari grein hækkar um 543 þús. frá fjárl. s. l. árs. Er hækkun þessi mest við atvinnudeild háskólans, 329 þús., og við veðurstofuna, 159 þús. Leggur meiri hl. til, að gerðar verði eftirfarandi breytingar við hina ýmsu liði greinarinnar.

1. Við A.-kafla, Að lækkuð verði laun við náttúrugripasafnið um kr. 28 800, þ. e. að ekki verði ráðinn maður að nýju til safnsins. Að niður falli styrkur til Vísindafélags Íslendinga, 9 þús. kr., til útgáfu héraðssagnrita, 15 þús., og til Norræna félagsins, 5 þús. Að styrkur til skálda og rithöfunda lækki um 75 þús., með

tilliti til þeirra nýju tekna, sem þeim eru tryggðar með samningi við útvarpið. Að styrkir til fræðimanna lækki um 30 þús. og tillag til Bandalags íslenzkra listamanna, kr. 14 400, falli niður. — Þá leggur meiri hl. einnig til, að upp séu teknir eftirfarandi nýir liðir: Til bókasafna 16 þús., til Jóns Dúasonar 25 þús. og styrkir til námsmanna 16 þús., eða alls 57 þús. kr.

2. Við B.-kafla. Framlag til Atvinnudeildar háskólans lækki sem hér segir: Til iðnaðardeildar 70 þús., til fiskideildar 66 400 kr., til landbúnaðardeildar 107 280 kr. og sameiginlegur kostnaður kr. 53 425, eða alls kr. 297 105. — Sparnaðarnefnd hefur einnig athugað þessar stofnanir og leggur til, að heildarframlag til þeirra verði lækkað um 301 560 kr. — Þá leggur meiri hl. til, að tekinn sé upp nýr liður til rannsóknar á biksteini, 15 þús. Meiri hl. leggur til, að framlag til veðurstofunnar verði samkv. IV. lækkað um 110 621 kr. Af þeirri upphæð eru 30 þús. lækkun á framlagi til kaupa á nýjum tækjum og 25 þús. kr. lækkun á stofnkostnaði fyrir verkstæði. Aðrir liðir eru laun og aukavinna. Lagt er til, að kostnaður við landmælingar lækki um 25 þús., „annar kostnaður“ við sjómælingar um 19 þús. og „annar kostnaður“ hjá húsameistara ríkisins um 10 þús.

16. gr.

Áætluð rekstrarútgjöld í þessari grein hækka um 604 þús. kr. frá fjárlögum s. l. árs. Önnur útgjöld á þessari gr. eru að langmestu leyti lögbundin, svo að þeim verður ekki breytt nema lögunum sé breytt eða framkvæmd þeirra frestað um stund.

Meiri hl. leggur til, að framlag til Búnaðarfélagsins lækki um 100 þús., en það er í frv. 115 þús. hærra en í fjárl. s. l. árs. Hefur þetta verið rætt við búnaðarmála-stjóra. Þá er einnig lagt til, að eftirtalin framlög verði lækkuð sem hér segir: Styrkur skv. jarðræktarl. 150 þús., styrkur til framræslu 100 þús., til eftirlits með vélakosti 100 þús., styrkur til að kaupa steypuhrærivélar og veggjamót 360 þús., og framlag til verkfæra kaupsjóðs, 80 þús., falli niður. Lagt er til, að eftirtaldir gjaldaliðir verði hækkaðir: Búreikningaskrifstofa um 10 þús., fyrirhleðsla á Þverá og Markarfljóti 100 þús. Jafnframt verði teknir upp nýir liðir: Til fyrirhleðslu á Kaldaklifsá, Svaðbælisá og Laugará undir Eyjafjöllum, 50 þús. Til fyrirhleðslu á Jökulsá í Lóni, 100 þús. (endurveiting) og til framræslu á löndum ríkisins á Stokkseyri 30 þús. — Þá leggur meiri hl. til, að framlag til skógræktar sé lækkað um 150 þús., og hefur þetta verið rætt við skógræktarstjóra. Enn fremur, að kostnaður við veiðimálastjóraembættið verði lækkaður um 6 þús. og styrkur til Loðdýraræktarfélag Íslands, 10 þús. kr., falli niður. Væri ekki óeðlilegt, að starfsemi loðdýraræktarinnar væri falin Búnaðarfélaginu, og er það til athugunar fyrir ríkisstj., hvort á því mætti spara einhver útgjöld.

Um framlag til sauðfjárveikivarna ræddi nefndin ýtarlega við forstjóra stofnunarinnar. Lét hann nefndinni í té yfirlit yfir væntanleg útgjöld á næstu 6 árum, sem sýnir, að gert er ráð fyrir heildarkostnaði á því tímabili um 35 millj. kr. Forstjóri óskaði eindregið eftir því, að framlagið yrði hækkað um 490 þús. kr. frá því, sem það er í frv., til þess að mæta 340 þús. kr. unframgreiðslum á s. l. ári og 150 þús., sem stofnunin hafði orðið að greiða vegna rannsókna, er ætlað var til, að færu fram á Keldum, en ekkert varð úr. Nefndin gat ekki fallið á að leggja til að hækka framlagið, en væntir þess, að svo megi spara á rekstrinum á þessu ári, að hægt sé að greiða fyrrnefndar 340 þús. af þessa árs framlagi, þótt það verði ekki hækkað. Kostnaður við rannsóknir á s. l. ári er mál á milli stofnunarinnar og Keldna að gera út um, og er það nefndinni óviðkomandi. Meiri hl. leggur til, að kostnaður við mannahald í skrifstofu stofnunarinnar verði lækkaður um 10 þús. kr.

Sparnaðarnefnd hefur athugað allan þennan kafla 16. gr. og gefið út um hann álit. Fer það í höfuðatriðum í sömu átt og tillögur meiri hl.

Meiri hl. leggur til, að framlag til Fiskifélags Íslands verði lækkað um 49 700 kr., og hefur verið rætt um það við stjórn félagsins. — Þá er einnig lagt til, að styrkur

til iðnskólabyggingar í Rvík verði lækkaður um 50 þús. kr. og að framlag til tóvinnu-skóla, 30 þús., og styrkur til yrkisskólapinga, 100 þús., falli niður.

Eftir að rætt hafði verið mjög ýtarlega við raforkumálastjóra um raforkumálin, er lagt til, að gerðar verði eftirfarandi breytingar: Kostnaður við stjórn raforkumála verði lækkaður um 148 800 kr. Tekinn verði upp nýr kafli yfir rekstur á rafmagns-veitum ríkisins, á sama hátt og áður, sem hefur þó engin áhrif á niðurstöðutölur fjárl. Að hækkað verði framlag til nýrra raforkufrankvæmda um 1 millj. og til dieselrafstöðva um 150 þús., er lánað verði með hagkvæmum kjörum til sveitarfélaga. Að lækkaður verði kostnaður við rafmagnseftirlitið um 40 þús. og kostnaður við jarðboranir 250 þús.

17. gr.

Meiri hl. leggur til, að gerðar verði eftirfarandi breytingar á þessari grein:

Framlag til lífeyrissjóðs lækki um 60 þús., til sumardvalarheimila um 100 þús., kostnaður við barnaverndarráð um 11 þús., til Kvenréttindafélags Íslands um 15 þús. og til vinnumiðlunar um 50 þús. Niður falli liður um upptökuheimili, kr. 35 100, og styrkur til bálfarafélagsins, 35 þús. Hækkað sé tillag til elliheimila um 1 þús. vegna Seyðisfjarðar og nýr liður tekinn upp til stórstúkunnar, 170 þús. kr.

18. gr.

Nefndin leggur til, að nokkrar breytingar verði gerðar á þessari grein, er nánar verður gerð grein fyrir í framsögu.

Nefndin vill benda á, að enn ríkir mjög mikið ósamræmi í greiðslu eftirlauna, og er mjög aðkallandi að athuga þessi mál öll gaumgæfilega fyrir næsta Alþingi og samræma launin meira en verið hefur. Þarf m. a. að ákveða, hvort greiða skuli nokkrum manni full laun eftir að hann lætur af starfi. Margir þeir, sem nú halda fullum launum, eru miklu betur settir en á meðan þeir störfuðu fullan vinnutíma, og er ekki líklegt, að ríkissjóður hafi ráð á slíku í framtíðinni.

19. gr.

Meiri hl. leggur til, að í stað framlags til dýrtíðarráðstafana, 33 millj., komi framlag til dýrtíðarsjóðs, 74 millj. 640 þús. Er þetta samkvæmt fyrirmælum dýrtíð- arlaganna. Þá er einnig lagt til, að framlag til bátaútvegsins lækki um 500 þús.

20. gr.

Meiri hl. leggur til, að eftirfarandi breytingar verði gerðar á þessari grein:

Framlag til ríkisspítalanna lækki um 440 þús., til byggingar tilraunastöðva á Reykhólum og Hafursá um 100 þús. og tekinn verði upp nýr liður til byggingar á prestssetrum, 300 000. Að lækkað verði framlag til flugvalla um 550 þús., að fram- lag til byggingar vitavarðarbústaðar, 170 þús., og byggingar bráðabirgðatollbúðar, 100 þús., falli niður.

Út af 4 millj. framlagi til greiðslu á skuldum, sem eru í vanskilum og ríkissjóður er í ábyrgð fyrir, vill meiri hl. taka fram, að hann heinir þeirri eindregnu áskorun til stjórnarinnar að setja sérstaka fjármálastjórn yfir allar þær stofnanir eða fyrir- tæki, sem þannig er ástatt um, að ríkissjóður hefur orðið að greiða vexti og af- borganir fyrir þær. Gildir þetta jafnt um alla aðila, sem ekki hafa staðið í skilum með greiðslur. Upphæðir þær, sem ríkissjóður er í ábyrgð fyrir, eru svo háar, að algerlega er óverjandi að gera ekki þegar í upphafi slíkar ráðstafanir.

22. gr.

Lagt er til að heimila ríkisstjórninni að greiða ýmsar upphæðir, sem nánar verður gerð grein fyrir í framsögu. Rætt hefur verið við ráðherra um öflun tekna til að mæta greiðsluhalla á fjárlögum. Kvaðst hann mundu athuga það fyrir 3. umr., er betur sé ljóst, hvaða afgreiðslu frv. fær við 2. umr. Mun stjórnin þá athuga,

hvort hún vill afla sér heimilda til nýrra tekna eða til niðurfærslu á útgjöldum eða hvort tveggja.

Hér er að síðustu yfirlit yfir þær breytingar, sem meiri hl. leggur til, að gerðar verði.

Hækkun tekna á 2. gr.	kr. 18 640 000
Þar við bætist lækkun gjalda á 3. gr.	— 838 760
	<u>Kr. 19 478 760</u>

Þar frá dregst:

Hækkun gjalda á 3. gr.	— 521 000
-----------------------------	-----------

Tekjuhækkun alls	kr. 18 957 760
------------------------	----------------

Hækkun gjalda:

10. gr.	kr. 201 600
11. gr.	— 10 000
12. gr.	— 545 000
13. gr.	— 7 688 250
14. gr.	— 149 500
15. gr.	— 82 000
16. gr.	— 1 477 500
17. gr.	— 171 000
18. gr.	— 88 965
19. gr.	— 42 140 000

kr. 52 553 815

÷ Lækkun gjalda:

10. gr.	kr. 221 999
11. gr.	— 1 299 034
12. gr.	— 668 100
13. gr.	— 467 300
14. gr.	— 515 800
15. gr.	— 638 926
16. gr.	— 1 753 500
17. gr.	— 306 000
18. gr.	— 83 565

— 5 954 224

Gjaldahækkun alls kr. 46 599 591

Eignabreytingar.

Hækkun útborgana samkv. 20. gr. er samkv. till. nefndarinnar 20 000 kr.

Ef tillögur nefndarinnar verða allar samþykktar, munu niðurstöðutölur fjárlagafrumvarpsins verða á þessa leið:

Rekstraryfirlit.

Tekjur	kr. 260 215 127
Gjöld	kr. 260 437 834
Rekstrarhalli	— 222 707

Kr. 260 437 834 Kr. 260 437 834

Sjóðsyfirlit.

Útborganir samkvæmt rekstrarreikningi	kr. 260 437 834
Aðrar greiðslur 20. gr.	— 30 045 588

kr. 290 483 422

Innborganir samkvæmt rekstrarreikningi	kr. 260 215 127
Aðrar greiðslur 20. gr.	— 2 210 000
Greiðsluhalli	— 28 058 295

Kr. 290 483 422 Kr. 290 483 422

Fyrir öllum breytingartillögum er meiri hluti í nefndinni. Einn nefndarmanna (SK) skrifar undir nál. með fyrirvara, og mun hann gera grein fyrir afstöðu sinni við umræðurnar. Annar nefndarmanna (SÁÓ) óskar tekið fram, að hann er ekki sammála meiri hlutanum um ýmsar breytingartillögur, sem hann flytur.

Alþingi, 14. marz 1949.

Gísli Jónsson, form., frsm.	Sigurjón Á Ólafsson, fundaskrifari.	Pétur Ottesen.	Helgi Jónasson.
Ingólfur Jónsson.	Sigurður Kristjánsson, með fyrirvara.	Halldór Ásgrímsson.	